

SAMÞYKKT

um tilraun Vinnumiðlunar Reykjavíkurborgar samkvæmt lögum um reynslusveitarfélög.

1. gr.

Skráning atvinnulausra og réttur til bóta.

Til þess að öðlast bótarétt verður umsækjandi að skrá sig á tveggja vikna fresti hjá Vinnumiðlun Reykjavíkurborgar, að viðlögðum missi bótaréttar. Geti umsækjandi ekki látið skrá sig vegna veikinda skal hann láta skrá sig næsta dag sem honum er unnt.

Skrái hinn atvinnulausi sig ekki á tilskildum degi skal hann sæta missi bóta í fimm daga, auk þeirra daga sem liðnir eru frá því að hann átti að skrá sig þar til hann skráir sig á ný.

Vinnumiðlun sendir úthlutunarnefndum dagpeningavottorð á tveggja vikna fresti miðað við skráningu.

2. gr.

Ráðgjöf.

Þeir, sem hafa verið á atvinnuleysisráði í þrjú mánuði, eiga rétt á og verður boðið ráðgjafarviðtal. Tilgangur ráðgjafarviðtals er að athuga stöðu viðkomandi í atvinnuleitinni og veita þá aðstoð sem við á t.d. með áhugasviðsprófum, upplýsingum um nám og störf og gerð atvinnuumsókna.

Þeir sem ekki nýta sér ofangreindan rétt, verða sérstaklega kallaðir inn til Vinnumiðlunar í tengslum við skráningu til könnunar á því hvort þeir fullnægi bótaskilyrðum.

3. gr.

Gildissvið.

Ofangreindar reglur eiga ekki við um þá sem fengið hafa tímabundið leyfi hjá þeirri vinnumiðlun, þar sem þeir eru skráðir atvinnulausir, til að skrá sig reglulega hjá Vinnumiðlun Reykjavíkurborgar.

Ofangreind samþykkt sem gerð er af borgarstjórn Reykjavíkur skv. 1. mgr. 7. gr. laga um reynslusveitarfélög, nr. 82/1994, og felur í sér frávik frá 20. gr. laga um atvinnuleysis-tryggingar, nr. 93/1993, með síðari breytingum, staðfestist hér með, sbr. 2. mgr. 7. gr. og 12. gr. laga um reynslusveitarfélög, til þess að öðlast gildi frá 1. nóvember 1996 til og með 30. apríl 1997. Á gildistímanum mun úttektaraðili skv. 6. gr. laga um reynslusveitarfélög fylgjast með tilrauninni og meta hvernig til hafi tekist og aðilar munu taka afstöðu til framhalds verkefnisins.

Félagsmálaráðuneytinu, 30. september 1996.

Páll Pétursson.

Anna G. Björnsdóttir.